

Mánudaginn 15. janúar 1962.

Nr. 137/1961. **Hjörleifur Gústafsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Benedikt Sigurbjörnssyni (Enginn).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
 son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
 Ármann Snævarr.

Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmanna-
 eyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júlí 1961,
 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1961 og
 krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur
 og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma fjárnám í eign-
 um stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæsta-
 rétti úr hendi stefnda.

Stefndi hefur eigi sótt þing í Hæstarétti og enginn af hans
 hendi, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefur
 því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr.
 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt símskeyti sýslumannsins í Suður-Múlasýslu 8.
 janúar 1962, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, var sama
 dag „í skiptarétti Suður-Múlasýslu felldur úr gildi úrskurður
 um gjaldþrot Benedikts Sigurbjörnssonar frá Gilsárteigi
 S.-Múl., dags. 16/5 '60, samkvæmt eigin beiðni gjaldþrota þar
 um og 2. mgr. 5. gr. gjaldþrotaskiptalaga“.

Úrskurði skiptadóms Suður-Múlasýslu um, að búi stefnda
 skyldi tekið til gjaldþrotaskipta, varð einungis haggð sam-
 kvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1929 eða með áfrýjun, en
 eigi með úrskurði hliðstæðs dóms í héraði. Skiptadómur hef-
 ur nú felldur úr gildi úrskurð sinn um gjaldþrotaskipti á búi
 stefnda. Er nefndur úrskurður skiptadómsins þannig eigi til
 fyrirstöðu því, að áfrýjandi haldi fram fjárnámi því, sem

hann hyggt gera á hendur stefnda. Hinn áfrýjaði úrskurður stendur af sömu ástæðum eigi fjárnámi í vegi. Það brestur því rök til að bera mál þetta undir Hæstarétt, og ber að vísa því frá dómi.

Þar sem eigi hefur verið komið fyrir Hæstarétt af hendi stefnda, fellur málskostnaður í Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaðóms Vestmannaeyja 28. október 1960.

Með beiðni, dags. 1. þ. m., fór Jón Hjaltason hdl. þess á leit f. h. Hjörleifs Gústafssonar, Vestmannaeyjum, að fjárnám yrði gert hjá gerðarþola, Benedikt Sigurbjörnssyni, sem talinn er eiga heima að Gilsárteigi I, Eiðapinghá, Suður-Múlasýslu, til lúkningar dómsskuld, kr. 20.000.00, ásamt vöxtum og kostnaði allt samkvæmt dómi bæjarþings Vestmannaeyja frá 11. júní s.l. Var tekið fram í beiðninni, að óskað væri eftir því, að fjárnám yrði gert í fjárhæð þeirri, sem lagt var á löghald hjá m. b. Sjöfn, V E 37, 28. apríl s.l., en gerðarþoli var þar skipverji s.l. vertið. Upphæð þessi, kr. 4.443,10, er nú í vörzlum embættisins.

Gerðarþola var tilkynnt með símskeyti 15. þ. m., að gerðin myndi hefjast miðvikudaginn 19. þ. m. á skrifstofu embættisins, kl. 10.00.

Gerðarþoli mætti ekki og enginn af hans hálfu, en fógeti skipaði gerðarþola réttargæzlumann.

Skömmu eftir að gerðin hófst, hringdi sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu til fógeta og tilkynnti, að með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Suður-Múlasýslu s.l. vor, hefði gerðarþoli verið úrskurðaður gjaldþrota. Mótmælti sýslumaður því f. h. þrotabúsins, að umbeðin gerð næði fram að ganga. Kvaðst sýslumaður mundu árétta mótmæli sín í símskeyti samdægurs. Sýslumaður upplýsti og, að umræddur gjaldþrotaskiptaúrskurður hefði ekki enn verið auglýstur og innköllun til skuldheimtumanna ekki verið gefin út.

Fógeti kvaðst þá mundu fresta gerðinni ex officio, unz símskeyti þetta lægi fyrir. Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælti því, að gerðinni væri frestað á þeim forsendum, að ekki væri

rétt, að gerðarþoli hefði verið úrskurðaður gjaldþrota, enda engin auglýsing verið birt um úrskurðinn. Krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda, að gerðin færi fram þegar í stað. Með úrskurði, sem kveðinn var upp í réttinum samdægurs, var gerðinni frestað *ex officio* til föstudagsins 21. þ. mán.

Í símskeyti, sem embættinu barst 19. þ. m. frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, kveður hann gerðarþola hafa verið úrskurðaðan gjaldþrota 16. maí s.l. með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Suður-Múlasýslu, og mótmælir sýslumaður hverjum þeim aðgerðum, sem á einhvern hátt kynnu að raska rétti þrotabúsins.

Er málið var tekið fyrir aftur 21. þ. m., krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda þess, að gerðin næði fram að ganga þrátt fyrir framkomin mótmæli. Mótmælti umboðsmaður gerðarbeiðanda því, að gerðarþoli væri gjaldþrota lögum samkvæmt, með því að gjaldþrot, sem úrskurðað kynni að hafa verið fyrir hálfum fimmta mánuði, væri niður fallið og ekki lengur gildandi þegar af þeirri ástæðu, að gjaldþrotaskiptin hafi ekki verið auglýst og engin innköllun gefin út til lánardrottna gerðarþola, sbr. 6. gr. laga nr. 25/1929.

Svo sem að framan greinir, tilkynnti sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu réttinum, að gerðarþoli hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 16. maí s.l., og mótmælti því f. h. þrotabúsins, að gerðin færi fram. Upplýst er, að gjaldþrotaskiptaúrskurður hefur ekki enn verið auglýstur eða innköllun gefin út. Með því að það þannig liggur fyrir, að gerðarþoli hefur verið úrskurðaður gjaldþrota og vitneskja um þetta barst réttinum, áður en gerðin hafði farið fram, þykir, þrátt fyrir það að ákvæða 6. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 virðist ekki hafa verið gætt, bera með tilvísun til 22. gr. nefndra laga að neita um framgang gerðarinnar.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Því úrskurðast:

Synja ber um framgang hinnar umbeðnu gerðar.
